

## Nýskráningar hlutafélaga og einkahlutafélaga 2008


### *New registrations of limited liability companies 2008*

**Samantekt** Nýskráð hluta- og einkahlutafélög voru 2.571 á síðasta ári og fækkaði um tæp 30% frá árinu 2007 þegar 3.674 ný félög voru skráð. Flestar nýskráningar flokkaðar eftir atvinnugreinum voru eins og undanfarin ár í starfsemi eignarhaldsfélaga og leigu atvinnuhúsnæðis. Ríflega fjórðungur nýskráðra félaga árið 2008 var í þessum tveimur atvinnugreinum. Flestar nýskráningar voru sem fyrr á höfuðborgarsvæðinu en nýskráningum fækkaði þó í öllum landshlutum, hlutfallslega mest á Vesturlandi, eða um 46% frá fyrra ári.

**Samdráttur í nýskráningum** Nýskráð hlutafélög og einkahlutafélög voru 2.571 árið 2008, þar af voru 2.548 einkahlutafélög og 22 hlutafélög. Þetta er í fyrsta sinn frá árinu 2003 sem nýskráningum fækkar á milli ára, en þeim fækkaði um tæp 30% frá árinu 2007. Árið 2007 var metár í fjölda nýskráðra hluta- og einkahlutafélaga þegar 3.674 félög voru skráð. Til samanburðar var heildarfjöldi skráðra hlutafélaga og einkahlutafélaga rúmlega 30 þúsund í árslok 2008 og af þeim voru um 13 þúsund sem greiddu laun á árinu.

### **Mynd 1. Fjöldi nýskráðra hlutafélaga og einkahlutafélaga 2003–2008**

*Figure 1. New registrations of limited liability companies 2003–2008*



## Hlutur atvinnugreina

Ný atvinnugreinaflokkun  
ÍSAT2008

Hinn 1. janúar 2008 tók gildi ný atvinnugreinaflokkun á Íslandi, ÍSAT2008, og leysir hún af hólmi ÍSAT95. ÍSAT2008 er byggð á nýrri atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, NACE Rev. 2, sem gildir í öllum ríkjum evrópska efnahags-svæðisins frá 1. janúar 2008. Frá þeim tíma verður nýju flokkuninni beitt í fyrir-tækjaskrá ríkisskattstjóra og í opinberri hagskýrslugerð af Hagstofu Íslands.

Flestar nýskráningar á árinu 2008 eftir bálkum atvinnugreina voru í *fjármála- og váttryggingastarsemi*, báلكi K, alls 498 eða 19% nýskráninga. Báلكar sem næstir komu voru *byggingastarfsemi og mannvirkjagerð* með 333 skráningar (13%) og *heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum* með 317 skráningar (12%).

Flestar nýskráningar í starfsemi  
eignarhaldsfélaga

Ef einstakar atvinnugreinar eru skoðaðar án tillits til báلكa kemur í ljós að riflega þriðjungur allra nýskráninga voru í þremur atvinnugreinum. Eins og undanfarin ár voru flestar nýskráningar í *starfsemi eignarhaldsfélaga* (463) og *leigu atvinnu-húsnæðis* (207). Því næst *bygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis* (194) og *viðskipta-ráðgjöf og önnur rekstrarráðgjöf* (96).

## Skipting eftir landsvæðum

Hlutfallslega mest fækkun á  
Vesturlandi

Langflestar nýskráningar voru á höfuðborgarsvæðinu árið 2008, alls 1.863, eða 72% allra nýskráninga. Næstflestar nýskráningar voru á Suðurlandi, eða 176 (7%), Norðurland eystra fylgdi í kjölfarið með 167 (6,5%) en færstar nýskráningar voru á Norðurlandi vestra, 32, eða rúmlega 1% af heildarfjölda árið 2008. Hlutfallslega fækkaði nýskráningum mest á milli ára á Vesturlandi, um tæp 46%, og á Suðurnesjum um tæp 42%. Nýskráðum félögum fækkar í öllum landshlutum en þó minnst á Norðurlandi eystra (17%).

Af þeim 20 atvinnugreinum þar sem flestar nýskráningar voru árið 2008 var meira en helmingur nýskráninga á landsbyggðinni í 4 atvinnugreinum, *útgerð smábáta, blönduðum búskap, leigu íbúðarhúsnæðis og önnur ótalin sérhæfð byggingarstarfsemi*.

Að meðaltali voru 8,0 nýskráð hluta- og einkahlutafélög á hverja þúsund íbúa árið 2008. Höfuðborgarsvæðið var með flestar nýskráningar miðað við íbúafjölda eða 9,2 á hverja þúsund íbúa. Suðurnes voru með 6,9 nýskráningar á hverja þúsund og Vestfirðir 6,0. Norðurland vestra var með færstar nýskráningar miðað við íbúafjölda eða 4,3 á hverja þúsund íbúa.

## English summary

In 2008, 2,571 new limited liability companies were registered, which is about 30% decrease from the year 2007 when 3,674 new companies were registered. The share of new registrations by economic activities is similar between years, but distribution by regions shows that 72% of total new registrations appear in the capital region.

**Tafla 1. Nýskráningar hlutafélaga og einkahlutafélaga eftir bálkum atvinnugreina 2008**Table 1. *New registrations of limited liability companies by main economic activity 2008*

Fjöldi í árslok <i>Number at end of year</i>	2008
<b>Nýskráningar alls <i>New registrations, total</i></b>	<b>2.571</b>
Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar <i>Agriculture, forestry and fishing</i>	125
Námugróftur og vinnsla hráefna úr jörð <i>Mining and quarrying</i>	5
Framleiðsla <i>Manufacturing</i>	101
Rafmagns-, gas- og hitaveitur <i>Electricity, gas, steam and air conditioning supply</i>	6
Vatnsveita, fráveita, meðhöndlun úrgangs og afmengun <i>Water supply; sewerage, waste management and remediation act.</i>	6
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð <i>Construction</i>	333
Heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélkn. ökutækjum <i>Wholesale and retail trade; repair of motor vehicles and motorcycles</i>	317
Flutningar og geymsla <i>Transportation and storage</i>	81
Rekstur gististaða og veitingarekstur <i>Accommodation and food service activities</i>	109
Upplýsingar og fjarskipti <i>Information and communication</i>	147
Fjármála- og váttryggingastarfsemi <i>Financial and insurance activities</i>	498
Fasteignaviðskipti <i>Real estate activities</i>	282
Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi <i>Professional, scientific and technical activities</i>	242
Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta <i>Administrative and support service activities</i>	109
Fræðslustarfsemi <i>Education</i>	34
Heilbrigðis- og félagsþjónusta <i>Human health and social work activities</i>	73
Menningar-, íþrótt- og tómstundastarfsemi <i>Arts, entertainment and recreation</i>	49
Félagasamtök og önnur þjónustustarfsemi <i>Other service activities</i>	54

**Tafla 2. Atvinnugreinar með flestar nýskráningar árið 2008**Table 2. *The top 20 activities ranked by the highest number of new registrations during 2008*

Fjöldi í árslok <i>Number at end of year</i>	2008
<b>Nýskráningar alls <i>New registrations, total</i></b>	<b>2.571</b>
<b>Þær 20 atvinnugreinar sem flestar nýskráningar voru í árið 2008</b>	
<b><i>The top 20 activities ranked by the highest number of new registrations during 2008</i></b>	
Starfsemi eignarhaldsfélaga <i>Activities of holding companies</i>	463
Leiga atvinnuhúsnæðis <i>Letting of non-residential housing</i>	207
Bygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis <i>Construction of residential and non-residential buildings</i>	194
Viðskiptaráðgjöf og önnur rekstraráðgjöf <i>Business and other management consultancy activities</i>	96
Veitingastaðir <i>Restaurants and mobile food service activities</i>	81
Hugbúnaðargerð <i>Computer programming activities</i>	42
Raflagnir <i>Electrical installation</i>	36
Útgerð smábáta <i>Operation fishing boats smaller than 15 GT</i>	35
Blönduð heildverslun <i>Non-specialised wholesale trade</i>	33
Framleiðsla á kvikmyndum, myndböndum og sjónvarpsefni <i>Motion picture, video and television progr. production activities</i>	33
Leiga íbúðarhúsnæðis <i>Letting of residential housing</i>	27
Önnur ótalin sérhæfð byggingarstarfsemi <i>Other specialised construction activities n.e.c.</i>	25
Akstur sendibíla <i>Delivery van services</i>	25
Starfsemi verkfræðinga <i>Engineering activities</i>	25
Kaup og sala á eigin fasteignum <i>Buying and selling of own real estate</i>	24
Reikningshald, bókhald og endurskoðun; skattaráðgjöf <i>Accounting, bookkeeping and auditing activities; tax consultancy</i>	24
Bílasala <i>Sale of cars and light motor vehicles</i>	22
Önnur ótalin heilbrigðisþjónusta <i>Other human health activities n.e.c.</i>	22
Hárgreiðslustofur <i>Hairdressing</i>	22
Blandaður búskapur <i>Mixed farming</i>	20
<b>Aðrar atvinnugreinar <i>Other activities</i></b>	<b>1.115</b>

**Tafla 3. Nýskráning hlutafélaga og einkahlutafélaga eftir landsvæðum 2004–2008**Table 3. *New registrations of limited liability companies by region 2004–2008*

	2004		2005		2006		2007		2008	
	Á hverja 1.000 íbúa		Á hverja 1.000 íbúa		Á hverja 1.000 íbúa		Á hverja 1.000 íbúa		Á hverja 1.000 íbúa	
	Fjöldi Number	Per 1.000 inh.	Fjöldi Number	Per 1.000 inh.	Fjöldi Number	Per 1.000 inh.	Fjöldi Number	Per 1.000 inh.	Fjöldi Number	Per 1.000 inh.
<b>Alls Total</b>	<b>2.517</b>	<b>8,6</b>	<b>2.938</b>	<b>9,8</b>	<b>3.191</b>	<b>10,4</b>	<b>3.674</b>	<b>11,8</b>	<b>2.571</b>	<b>8,0</b>
Höfuðborgarsvæði										
<i>Capital region</i>	1.825	9,9	2.120	11,3	2.269	11,8	2.631	13,4	1.863	9,2
Suðurnes <i>Southwest</i>	108	6,3	151	8,4	182	9,6	257	12,9	149	6,9
Vesturland <i>West</i>	92	6,4	98	6,6	94	6,3	136	8,8	73	4,6
Vestfirðir <i>Westfjords</i>	49	6,4	61	8,1	57	7,6	76	10,4	44	6,0
Norðurland vestra										
<i>Northwest</i>	51	5,7	66	7,4	76	10,2	47	6,4	32	4,3
Norðurland eystra										
<i>Northeast</i>	161	6,0	166	6,1	189	6,6	202	7,0	167	5,7
Austurland <i>East</i>	89	7,2	77	5,6	90	5,9	100	7,2	67	5,2
Suðurland <i>South</i>	142	6,5	199	8,9	234	10,2	225	9,6	176	7,3

Hagtidindi **Fyrirtæki og umsvif**  
 Statistical Series **Enterprises and turnover**

94. árgangur nr. 6

2009:1

ISSN 0019-1078

ISSN 1670-4517 (pappír paper) • ISSN 1670-4525 (pdf)

Verð Price ISK 900 EUR 7

Umsjón Supervision Stefán Sigurðsson • stefan.sigurdsson@hagstofa.is

Sími Telephone +(354) 528 1000

© Hagstofa Íslands Statistics Iceland • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Bréfasími Fax +(354) 528 1099

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. Please quote the source.

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series